

## 63. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund miðvikudaginn 1. desember 2004 kl. 18.15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru Gretar D. Pálsson, Dagný Þórisdóttir, Þorgrímur Kristinsson, Guðmundur Kristinsson, Helgi Haraldsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir.

Formaður setti fund og stjórnáði.

1. Skipavík hf. sækir um að byggja sólskála við Tjarnarás 9 og stækka lóð til vesturs samkv. bréfi dags.20.10.04.  
*Erindi frestað vegna ófullnægjandi gagna.*
2. Skipavík sækir um að byggja parhús við Tjarnarás 7 og 7a samkvæmt teikningum dags. 25.10.04, ásamt tilfærslu á lóðarmörkum, samtals m<sup>2</sup>, m<sup>3</sup>.  
*Erindi samþykkt samhljóða. Leyfisgjald kr.....*
3. Hermann Bragason, Aðalgötu 12 sækir um að byggja vindfang við við útidyratröppur samkvæmt teikningum EK frá nóv.04.  
*Erindi samþykkt samhljóða. Leyfisgjald kr. 3000.-*
4. Hótel Stykkishólmur ehf., Pétur Geirsson sækir um að byggja hóteliðbyggingu á þremur hæðum við Hótel Stykkishólm samkvæmt teikningum Teiknistofu Vesturlands dags. 25.11.04. 1377.1 m<sup>2</sup>, 4695.7 m<sup>3</sup>.  
*Erindi samþykkt samhljóða með fyrirvara á endurskoðun lóðarbréfs og gerð eignaskiptasamnings. Leyfisgjald kr.....*
5. Lagt fram bréf frá Sæferðum ehf. dags. 10.11.04, þar sem óskað er eftir lóð við Árnasteina í Stykkishólshöfn fyrir framtíðarþjónustumiðstöð fyrirtækisins.  
*Bókun hafnarnefndar frá 4. nóv. var lesin upp.*
6. Bréf móttekið dags. 2.11.04 með 33 undirskiftum íbúa við Laufásveg og Víkurgötu, þar sem þau mótmæla tengingu á Laufásvegi og Víkurgötu sbr. deiliskipulag frá dags. 26.03. 03. Bréfi þessu var vísað af fundi bæjarráðs þann 4.11.04, til skipulags og bygginganefndar.  
*Erindi frestað og vísað í endurskoðun á deiliskipulagi.*
7. Lögð fram tillaga byggingarfulltrúa að lóðarstækkun Höfðagötu 27-29 að beiðni íbúa..  
*Erindi samþykkt samhljóða. Mælingargjald kr. 10.000.-*

8. Auður Vésteinsdóttir sækir um að byggja andyrisskála við Höfðagötu 11 samkvæmt teikningum EK n.ó.v. 2004, samtals 11.9m<sup>2</sup>, 28.9 m<sup>3</sup>  
*Erindið var samþykkt. Leyfisgjald kr.....*
  
9. Sumaliði Ásgeirsson/Fimm Fiskar ehf. sækja um að staðsetja tvo gervihnattadiska á veitingastaðinn Fimm Fiska við Frúarstíg nr. 1.  
*Erindi samþykkt samhljóða. Leyfisgjald kr. 3000.-*
  
10. Önnur mál.
  - 10.1. *Formaður leggur til að deiliskipulag við Laufásveg samþ. 16.10.03 verði fellt úr gildi og sameinað deiliskipulagi miðbæjar samþ.26.03.03, ásamt því svæði sem afmarkast af Laufásvegi, frá lóð Skúlagötu 24 að Borgarbraut.*

Fleira var ekki gert.  
Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fundu slitið kl. 19.15.

Helgi Haraldsson (sign.),  
Dagný Þórisdóttir (sign.),  
Þorgrímur Kristinsson (sign.),  
Guðmundur Kristinsson (sign.),  
Gretar D. Pálsson (sign.),  
Bjarnfríður Vilhjálmsson (sign.).

BVs.